

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. apríl 2024
Málsnúmer: 202404-0046
SS

Efni: Umsögn um leyfi fyrir kvikmyndatöku við Maríuhella.

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfisstofnun, dags. 18. apríl 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Reykjavík Studios fyrir leyfi til kvikmyndatöku innan friðlýsta svæðisins Maríuhellar í Garðabæ.

Stefnt er að kvikmyndatöku á svæðinu milli hellanna, niðri í gjánni, enn ekki verður farið inn í hellana sjálfa. Stefnt er að því að vera með fimm hesta innan svæðisins og gasknúinn varðeldur á stálpötu verður einnig notaður. Ekki er gert ráð fyrir neinu raski eða breytingum á landi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að leyfið sé veitt en mikilvægt er að ganga af mikilli nærgætni um svæðið og forðast allt rask. Sérstaklega skal fara varlega nálægt hraunmyndunum og hellismunnum og gæta þarf þess að notkun hesta ógni ekki jarðmyndunum svæðisins. Draga skal sem mest úr átroðningi á gróðri og raski á jarðvegi. Mikilvægt er að ganga vel frá, fjarlægja allt rusl og ummerki eins vel og mögulegt er.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

